

og umburðarlynd hvert við annað. Kristinn maður ókurteis líkist miliónera, sem enga peninga hefur á sér; því gott viðmót og góð umgengni er eins og nokkurskonar smápeningar kristins kærleika. Ef hjarta drengs á kærleika Krists, þá verða foreldrar hans varir við það, og bræður hans og systur hans og hesturinn hans og hundurinn hans og kötturinn hans—hver lifandi skepna, sem kemur nálægt honum.

Í safnaðar-skóla einum var drengja-hópur yfirheyrður úr bíbliunni.

„Hvað getið þið sagt mér um Móses?“—spurði umsjónarmaðurinn.

„Hann var göfugmenn!“—kallaði upp fölleitur drengur, greindarlegur á svipinn, sem leit út fyrir að vera eitthvað um 11 ára.

„Göfugmenn!“—endurtók umsjónarmaðurinn, og var eins og honum brygði ögn við. „Hvað áttu við?“

Drengur svarar óðar: „Herra minn! Þegar dætur Jetró's fóru út að brunninum, til þess að sækja vatn, þá ráku hirðarnir þær frá brunninum. En Móses hjálpaði dætrum Jetró's og sagði við hirðana: „Gerið þið svo vel, herrar mínir! að lofa konunum að komast að fyrst.“

Þannig geta börn lært í bíbliunni ýmislegt um fallega framkomu í smá-atridum ekki síður en um það, hvernig þau eigi að hegða sér í því, sem meira er í varið.

BARA EINS OG EG VIL.

(Lausl. þýtt.)

Stúlka sagði fyrir skömmu svo eg heyrði: „Eg ætla mér ekki frammar að taka sönglexiur hjá Miss H. Hún er mikils til of heimtufrek. Hún heimtar einlægt, að eg haldi höndanum bara si-sona eins og hún vill. Og hún lætur mig hafa upp aftur og aftur sama kaflann og sama stykkið, þangað til eg hef það rétt eins og hún segir. Þetta er alveg óþolandi. Eg ætla mér að taka lexiur hjá Miss Brown. Það er betra að eiga við hana. Hún lofar hverjum að gera eins og honum líkar, og er ekki að ónotast við hann, þó hann hafi ekki lært lexiuna sína.“

Haldið þið, að þessi stúlka verði nokkurn tíma mikil söngkona—eða læri yfir höfuð nokkuð í sönglist?

Kunningjakona mín ein sagði við mig hérna um daginn: „Eg vil ekki læra hjá Miss Hart. Hún er einlægt að setja út á fyrir mér. Eg stenst það ekki. Eg er alteins skynsöm og hún.“